

# Fréttabréf 3

10. nóvember 2009

3. tbl. skólaárið 2009—2010

Ágætu foreldrar og forráðamenn  
nemenda í Grunnskólanum í Borgarnesi

Þá er komið að fréttabréfi no. 3. Það tekst nú ekki alveg að koma út einu fréttabréfi í mánuði enda auðvelt að miðla fréttum og tilkynningum á annan hátt núna eins og allir vita. Þó höldum við fréttabréfinu áfram meðan það er til einhvers gagns. En líkt og áður birtast hérna fréttir af því sem á dagskrá er og eins af einhverju því sem gert hefur verið að undanförunu í skólanum.

## 1. Annarskil

Nú í vikunni lýkur fyrstu önn og er föstudagurinn 13. nóv. helgaður frágangi og undirbúningi fyrir foreldraviðtöl sem eru svo á mánudaginn kemur, þann 16. nóv. Þessa daga fellur því kennsla nemenda niður en þeir mæta í viðtöl með forráðamönnum sínum. Verða upplýsingar um viðtalstíma sendar heim með nemendum. Tómskundaskólinn er opinn frá kl. 8 þá daga sem kennsla er ekki en þanta þarf fyrir börnin fyrirfram. Nánari upplýsingar í Tómskundaskólanum.

## 2. Árshátíð

Árshátíðin var haldin í Menningarsalnum fimmtudaginn 28. okt. s.l. og tókst vel. Sýningar voru tvær og var fullt á þeim báðum. Er öllum sem að komu færðar þakkir fyrir. Það er von okkar í skólanum að gestir hafi talið tímanum vel varið sem þeir áttu þarna með okkur.

## 3. Aðkoma að skólanum

Nú nýlega voru bílastæði við skólann malbikuð og steiptir kantsteinar. Er þetta nú að komast í gott horf. Enn er ítrekað fyrir forráðamönnum að aka ekki inn á skólalóðina þegar verið er að koma með nemendur í skólann. Gott er að hleypa nemendum út við Tónlistarskólann eða þá vestanvert við skólann og aka svo niður Helgugötuna. Alls ekki að koma sér í þá stöðu að þurfa að bakka og snúa þannig við. Skapar það bara hættu.

## 4. Endurskinsmerki

Nú í skammdeginu er brýnt að vera sýnilegur í umferðinni. Því er minnt á nauðsyn þess að allir, bæði börn og fullorðnir beri endurskinsmerki, sérstaklega er það áriðandi í myrkri eins og núna er þessa dagana, loft þungskýjað og snjólaust.

## 5. Gestakennari frá Danmörku

Frá og með næstu viku verður hérna í skólanum góður gestur frá Danmörku. Er hér um að ræða gestakennara sem búinn er að vera í Varmalandi og á Kleppjárnsreykjum frá því í september. Heitir hún Lone Karstensen. Verður hún hérna fram að jólum. Mun hún koma að

dönskukennslunni með ýmsum hætti, bæði með því að kenna sjálf og koma að undirbúningi með kennurum skólans. Er koma hennar liður í átaki danska ríkisins í því að styrkja dönskukennslu á Íslandi.

## 6. Æskulýðsbalið

Félagsmiðstöðin Óðal og Nemendafélag skólans standa fyrir árlegu æskulýðsballi í Menningarsal Borgarbyggðar fimmtudaginn Æskulýðsbalið er stærsti dansleikur fyrir unglunga sem haldinn er hér á ári hverju og fjölmenna unglingar alls staðar að af Vesturlandi hingað til að skemmta sér saman eina kvöldstund. Í tengslum við ballið er lögð áhersla á forvarnir hérna í skólanum dagana á undan.

## 7. Jólaútlit

Að venju verður Félagsmiðstöðin Óðal með jólaútlit í byrjun desember. Nemendur skólans fara senn að undirbúa þætti sína og er það liður í skólasköpunum að gera það. Nemendur yngri deildar vinna þætti sem teknir eru upp fyrirfram en nemendur eldri deildar eru frekar með þætti sem sendir eru beint út en handrit að þeim eru unnin hér í skólanum.

## 8. Litlu jólin

Litlu jólin verða haldin með hefðbundnu sniði föstudaginn 18. desember. Er síðasti kennsludagur fyrir jól því fimmtudagurinn 17. desember. Verður þetta kynnt betur er nær dregur.

Ekki fleira að sinni – næsta fréttabréf í desember.

Bestu kveðjur

Kristján Gíslason skólastjóri